

Nd.

241. Frumvarp til laga

[119. mál]

um breyting á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnáms, ræktun og byggingar í sveitum.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Á eftir VII. kafla laganna (52. gr.) kemur nýr kafli, er verður VIII. kafli, með fyrirsögninni: Um félagsbúskap, og breytist kafla- og greinatala samkvæmt því:

- a. (53. gr.) Nú vilja tveir eða fleiri bændur stofna til félagsbúskapar á jörð í stað þess að stofna á henni nýbýli eða reka félagsbúskap í byggðahverfi, sem landnám ríkisins hefur undirbúið, og skal það þá tilkynnt nýbýlastjórn, er veitir til þess samþykki sitt, að fullnægðum eftirtöldum skilyrðum:
  1. Landstærð og önnur skilyrði til búrekstrar séu að dómi nýbýlastjórnar nægilega góð til að fullnægja þeim fjölda heimila, sem til skal stofnað.
  2. Fyrirhuguð sé eigi minni bústærð en 20 kúgildi (400 ær) fyrir hvert heimili.
  3. Hver fjölskylda hafi séríbúð.
  4. Vélar allar og verkfæri til ræktunar, fóðuröflunar og annars, er tilheyrir hinum sameiginlega rekstri, séu sameign búsin.
  5. Gerður verði samningur um fyrirkomulag hins sameiginlega félagsrekstrar og sé hann þinglesinn. Skulu þar tilgreind eignarhlutföll aðila í jörð, húsum og búvélum, mannvirkjum jarðar og bústofni. Enn fremur sé tilgreint, hvernig reikningshaldi, arðskiptingu og áhættu sé fyrir komið. Í samningi skal og fram tekið, hvaða meðferð skal hafa, ef einn eða fleiri aðilar ganga úr félagsrekstrinum. Skyld er þó, ef nýr aðili tekur við réttindum og skyldum fráfaranda, að það sé tilkynnt nýbýlastjórn og leitað samþykkis hennar á breytingunni. Heimilt er þó þeim, sem eftir eru í félaginu, að kaupa hlut þess, er úr gengur, ef samkomulag verður um endurgreiðslu á framlögum landnáms ríkisins.
- b. (54. gr.) Að fullnægðum skilyrðum 53. gr. skulu stofnendur félagsbúsins hafa rétt til hærri lána úr Stofnlánadeild landbúnaðarins til ræktunar og útihúsa-bygginga en gildir um einstaklingsbúskap. Nemi sú hækkun 20% af kostnaðarverði, þannig að til framkvæmda, er njóta ekki framlags samkvæmt jarðræktarlögum, sé hámarkslámsfjárhæð 80% af kostnaðarverði. Til þeirra framkvæmda, er framlags njóta, samkvæmt jarðræktarlögum, skal einnig greiða 20% hærri framlag, svo að lán og framlag nemi samtals 80% af kostnaðarverði viðkomandi framkvæmdar.

Enn fremur skulu þau lán, sem veitt eru til framkvæmda í félagsbúskap samkvæmt þessum reglum, veitast til allt að þriðjungi lengri lánstíma en önnur sambærileg lán. Að öðru leyti skulu stofnendur félagsbúskapar njóta sömu réttinda og aðrir nýbýlastofnendur, þegar um fjölgun býla er að ræða.

- c. (55. gr.) Auk nýbýlastjórnar skulu bæði Búnaðarfélag Íslands og búreikninga-skrifstofa ríkisins aðstoða stofnendur félagsbúskapar í öllum þeim atriðum, er við koma starfsemi þessara stofnana.
- d. (56. gr.) Önnur atriði, er mál þetta varða, skulu fram tekin í reglugerð.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Flm. þessa frv. hafa tvívegis áður flutt á Alþingi frv. samhljóða því, sem hér er flutt. Svo hljóðandi grg. hefur fylgt frv.:

Um nokkurt skeið hefur mjög verið rætt um vandamál hins íslenska landbúnaðar. Er það sít að ástæðulausu, því að allmjög kreppir að honum, e. t. v. mest í þeim héruðum, sem styttra eru á veg komin hvað tækniframfarir snertir eða markaðsaðstöðu hafa lakari.

Sú staðreynd blasir þó við, að síðustu tvo áratugi hefur þessi atvinnuvegur tekið gagngerðum stakkaskiptum. Fólki, sem við hann vinnur, hefur mjög fækkað, en samt hefur framleiðslan mjög mikið vaxið. Nefnd skulu þau dæmi, að árið 1940 voru íbúar sveitanna taldir vera 37300, en allur fólksfjöldinn í landinu 121400. Hafa þá ca. 31% allrar þjóðarinnar átt heima í sveitum. Nú er hins vegar allur fólksfjöldinn kominn yfir 180000, en íbúar sveitanna örugglega komnir niður fyrir 30000 og líklega ekki orðnir nema 16—17% af þjóðarheildinni. Þannig hefur neytendafjöldinn, sem kaupa þarf landbúnaðarvörur, aukizt um 50% á ekki lengri tíma, en þeim, er við framleiðsluna vinna, fækkað a. m. k. um 25%.

Um framleiðsluaukninguna nægir að benda á það, að 1947 var innvegin mjólk til mjólkurbúanna 29 530 000 kg, en 1962 var hún 88 000 000 kg og hafði því vaxið um 58770 þús. eða þrefaldzt.

Kjöt magn sláturhúsanna nam 1947 ca. 5 664 000 kg, en var 1962 11 þús. tonn, eða nærri tvöfaldað.

Sú fullyrðing, sem áður er fram sett, að nú kreppi að landbúnaðinum, gæti verkað sem öfugmæli á hvern þann, er les þessar tölur án frekari athugunar. Þó er hún viðurkennd, og skal gerð grein fyrir helztu ástæðum.

Sem kunnugt er, hefur orðið mjög mikil tæknibylting á þessum árum. Stórvirkar framræsluvélar hafa þurrkað mikil landflæmi. Í kjölfar þeirra hafa komið ámóta stórvirkar jarðvinnsluvélar, sem unnið hafa landið til ræktunar í margföldum mæli við það, sem nokkru sinni hefur gerzt áður. Jafnframt þessari auknu ræktun hefur bændastéttin fengið mjög mikið magn af bæði heyrinnu og öðrum tækjum, er nútímabúskap tilheyra. Allt hefur þetta valdið hinni miklu framleiðsluaukningu og komið í veg fyrir það, að skortur yrði á innlendum landbúnaðarvörum til neyzlu, en án hennar hefði áreiðanlega mátt eyða ósmáum gjald-eyrisfúlgum til að greiða innflutning slíkra vara.

Þessi tæknibylting hefur kostað mikið fé. Veðtryggt lánsfé í landbúnaðinum var hverfandi lítið fyrir tveim áratugum. En um s. l. áramót var útistandandi fé í lánadeildum landbúnaðarins 559.9 millj. kr. Er þar saman taldir skuldir bændanna sjálfra við deildirnar og fyrirtækja, er úr afurðum hans vinna. Af þessu lánsfé greiðir landbúnaðurinn nú á þessu ári 56.1 millj. kr. í árgjöld, þ. e. samantlagðar greiðslur vaxta og afborgana.

Ýmsum, sem sjá þessar tölur, kann að þykja sem hér sé um óhæfilega háar fjárhæðir að ræða, er landbúnaðurinn hafi þannig fengið í lánsfé. Svo getur þó ekki talizt. Býlin á landinu eru talin milli fimm og sex þúsund. Væri um jafna

skiptingu að ræða, næmi meðaltalið aðeins 100—120 þús. kr. á býli, þar með talið það, sem liggur í vinnslufyrirtækjum. En auðvitað er hér einnig um mjög mikla misskiptingu að ræða, eins og á stærð og framleiðslutækni hinna ýmsu bóa. Er sá mismunur e. t. v. ein af meiri háttar vandkvæðum landbúnaðarins nú. T. d. mun því ekki verða neitað, að vegna þess, hve mörg búin eru of lítil, hefur hinn nýi vélakostur, er kostað hefur mikið fé, bæði í stofni og rekstri, ekki notast alls staðar svo vel sem skyldi.

Skal þá vikið að fólksfækkuninni. Sú þróun, sem lýst hefur verið, hefur gert það að verkum, að vinnufólk á sveitaheimilum, eins og títt var í fyrri daga, er ekki lengur til. Sömu leiðis má alveg heita horfið aðkeypt verkafólk um vissa tíma ársins, hið svonefnda kaupafólk, er mjög var algengt um heyskapartímamann víðast hvar um land. Sveitabúskapurinn er orðinn einyrkjabúskapur, þar sem hjónin hafa annaðhvort enga vinnuaðstoð eða börn sín misjafnlega stálpuð. Jafnframt þessu hafa störfin orðið margbrotnari, að sumu leyti vegna véltækninnar, og krefjast því raunverulega meiri verkaskiptingar í stað minni, sem verður í reynd. Einyrkjabóndinn þarf að vera jafnvigur á öll þau störf, sem nútímabúskapur krefst. Reynslan er líka sú, að þótt vélnar hafi leyst vel það hlutverk að auka framleiðsluna, þá hafa þær ekki fækkað vinnustundum bændanna. Þvert á móti mun allur þorri íslenzkra bænda vinna nú fleiri vinnustundir árlega heldur en áður var. Kemur þar mjög til greina, að við ýmsar greinar landbúnaðarins, t. d. mjólkurframleiðsluna, er aldrei frídagur. Líklega má telja á fingrum sér þá bændur, sem geta tekið orlofsfrí, þótt ekki væri nema nokkra daga ár hvert.

Þetta ástand er að verða mjög mikið vandamál og vaxandi með ári hverju. Úr því verður ekki bætt nema með því að gera búin stærri, svo að þau þoli að greiða vinnukraft fleiri manna og þá jafnframt framfærslu fleiri fjölskyldna. Á þann eina hátt getur skapast eðlileg verkaskipting og möguleiki á hvíldartíma og þannig losað nokkuð um þá vinnufjötra, sem einkenna einyrkjabúskapinn. Enn fremur mundi skapast grundvöllur fyrir bættu nýtingu véltækninnar. Í því sambandi skal á það bent, hve mjög hún færir á aukana á þann hátt, að vélar sömu tegundar verða sífellt stærri og jafnframt dýrari, bæði hvað snertir stofnkostnað og rekstur, og krefjast því meira verkefnis, ef notkun þeirra á að byggjast á hagrænum grunni.

Þetta tvennt, sem hér hefur verið bent á, kallar því beinlínis á stærri búseiningar en við rekum almennt nú.

Þá vaknar spurningin: Á hvern hátt getur þetta gerzt? Þar er í raun og veru ekki nema um tvær leiðir að velja. Ýmsir kynnu að vilja tiltölulega fá stórbú í eign einstaklinga, er eingöngu væru rekin með aðkeyptu verkafólki. Yrði þróunin slík, mundi hinum eiginlegu bændum fækka mjög mikið. Sterkar líkur eru til, að slíkt sé bændastéttinni ekki að skapi, auk þess sem litlar líkur eru til, að þessi leið sé framkvæmanleg við okkar þjóðfélagsaðstæður. Gerðar hafa verið tilraunir í þessa átt af örfáum einstaklingum, en yfirleitt ekki borið góðan árangur.

Þá er hin leiðin, sú sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, að beina þróuninni í átt til félagsbúskapar, þannig að hann leysi smátt og smátt einyrkjabúskapinn af hólmi. Auðvitað mundi það taka sinn tíma og máskje seint gert að fullu.

Því hefur einatt verið haldið fram, ekki sízt af ýmsum stjórnmalaleiðtogum, að bændastéttin væri of rík af einstaklingshyggju til að vilja sætta sig við slíkan félagsrekstur. Um þetta má auðvitað endalaust deila. En margt bendir til, að vegna þeirra aðstæðna, sem hér hefur verið lýst, sé að skapast hið gagnstæða viðhorf. Á opinberum vettvangi, t. d. í blaðaviðtölum við bændur víðs vegar um land, heyrast nú ætíð fleiri raddir í þá átt, að einyrkjabúskapurinn sé ekki skipulag framfærinn, heldur sé það að sýna sig betur og betur, að finna verði annað rekstrarform í samræmi við kröfur tækninnar. Og hefur niðurstaða flestra orðið sú, að félagsreksturinn einn komi til greina.

Með frumvarpi þessu er svo til ætlað, að ríkið komi nokkuð til móts við þá

aðila, er reyna vilja félagsrekstrarfyrirkomulagið. Sé það gert með því að veita bæði hærri lán og framlög og veita lánin til lengri tíma. Slík fyrirtæki þurfa að byggjast upp á tiltölulega skömmum tíma og krefjast því þess, að stofnfjármagn sé þegar fyrir hendi. Hins vegar má vænta þess, að nokkrir fjármunir geti sparast, ekki sízt í rekstri, við þetta fyrirkomulag, og hagkvæmara búrekstrarform. Hér er svo mikið í húfi, að ríkisvaldið verður að styðja þá, sem vilja reyna nýjar leiðir, og hjálpa til að örva þróun í þá átt, sem hagkvæmest reynist.